

Nd.

515. Nefndarálit

[174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, nr. 57/1973, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á tveimur fundum. Á fyrri fundinn komu Jón Ingimarsson, formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og Eyjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins. Þeir lýstu sig báðir samþykka lagabreytingunni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og töldu hana ekki valda hækkun iðgjalda til sjóðsins. Ekki þótti þurfa að leita umsagnar verkalýðssamtakanna, þar sem lagabreyting þessi er eitt af baráttumálum þeirra í komandi kjarasamningum.

Ágreiningur varð í nefndinni um frumvarpið. Nokkrir nefndarmanna töldu að miða ætti við eitthvert hámark tekna maka, en töldu ekki eðlilegt að sérhver launþegi ætti rétt til atvinnuleysisbóta án tillits til þeirra. Stangast þar á skoðanir nefndarmanna á því, hvort hér sé um að ræða framfærslumál eða tryggingamál, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.

Með tilliti til þess, að ekki er gert ráð fyrir í frumvarpinu að lagabreytingin taki gildi fyrr en 1. jan. 1981, og jafnframt þess, að mál þetta verður meðal baráttumála verkalýðssamtakanna í komandi kjarasamningum, leggur nefndin til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Pétur Sigurðsson og Guðmundur G. Þórarinsson voru fjarstaddir, en Sigurlaug Bjarnadóttir sat fundinn fyrir Matthías Bjarnason.

Alþingi, 14. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir,
form.

Jóhann Einvarðsson,
fundaskr.

Guðrún Helgadóttir,
frsm.

Jósef H. Þorgeirsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir.